

**474. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,
Tálknafirði, þriðjudaginn 16. september 2014
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Indriði Indriðason (II) formaður, Kristinn Hilmar Marinósson aðalmaður, Eva Dögg Jóhannesdóttir aðalmaður, Jón Örn Pálsson aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður, Ása Jónsdóttir (ÁJ) Ritari, Berglind Eir Egilsdóttir varamaður og Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB) 2. varamaður.

Fundargerð ritaði: Indriði Indriðason, Sveitarstjóri

Oddviti kannaði lögmæti fundarboðunar. Engar athugasemdir eru gerðar og því skoðast fundurinn lögmætur

Dagskrá:

- 1. 1408050 - Fundargerð 814. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 25. mars 2014.**
Fundargerðin er lögð fram til kynningar.
- 2. 1408051 - Fundargerð 815. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 10 apríl 2014**
Fundargerðin er lögð fram til kynningar.
- 3. 1408052 - Fundargerð 816. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 16. maí 2014.**
Fundargerðin er lögð fram til kynningar.
- 4. 1407006F - Samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps - 40**
Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða
- 5. 1406035 - Ráðning sveitarstjóra Tálknafjarðarhrepps 2014-2018.**
Ráðningarsamningur lagður fram. . Indriði vísar af fundi og tekur Berglind Eir Egilsdóttir sæti á fundinum. Ásgeir Jónsson, varaoddviti tekur við stjórn fundarins.

Samþykkt með 4 atkvæðum, Jón Örn á móti.
- 6. 1408030 - Allt að 16.000 tonna framleiðsla á laxi og regnbogasilungi í sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði - beiðni um umsögn**
Jón Örn Pálsson og Eva Dögg Jóhannesdóttir víkja af fundi og þeirra sæti

taka Berglind Eir Egilsdóttir og Guðlaug Björnsdóttir.
Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps gerir ekki athugasemdir við tillögu að matsáætlun vegna 16 þús tónna framleiðslu af laxi og regnbogasilungi í sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði.
Sveitarstjórn vill þó ítreka að skipulagsvald sveitarfélaga ætti að ná út fyrir netalög.
Samþykkt samhljóða.

7. 1408036 - Umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags.

Erindinu vísað til félagsmálafulltrúa til afgreiðslu.
Samþykkt samhljóða.

8. 1409031 - Samningur vegna aðgangs að loftmyndum.

Sveitarstjórn samþykkir framlagðan þjónustusamning og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
Samþykkt samhljóða

9. 1409039 - Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fulltrúar Tálknafjarðarhrepps verða Indriði Indriðason og til vara Eva Dögg Jóhannesdóttir.
Samþykkt samhljóða.

10. 1406028 - Samþykkt um stjórn Tálknafjarðarhrepps.

Afgreiðslu frestað.
Samþykkt samhljóða.

11. 1201011 - Samþykkt um kjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum Tálknafjarðarhrepps.

Erindinu vísað til síðari umræðu.
Samþykkt samhljóða.

12. 1409038 - Fjórðungsþing 2014.

Fulltrúar Tálknafjarðarhrepps verða Kristinn Hilmar Marinósson, Eva Dögg Jóhannesdóttir og Ásgeir Jónsson.
Samþykkt samhljóða.

13. 1409040 - Ábendingar frá lögfræðisvið Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna samstarfssamnings.

Sveitarstjóra falið að boða til funda barnaverndarnefnd og félagsmálanefnd í samráði við félagsmálastjóra.
Samþykkt samhljóða.

14. 1312029 - Upplýsingagjöf sveitarstjóra.

Sveitarstjóri fór yfir þær framkvæmdir sem eru á döfinni og það sem framundan er.

15. 1409029 - Umsókn um byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2014-2015.

Til kynningar.

16. 1409011 - Ályktun frá Samtökum ungra bænda erind dags. 4. september 2014.

Til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. .
